

1. Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða, haldinn í fjarfundi þann 27. janúar 2026 kl. 10:00

Mætt voru: Dagný Finnbjörnsdóttir, Magnús Arnar Sveinbjörnsson og Þorgeir Pálsson.

Sigríður Hulda Guðbjörnsdóttir boðaði forföll.

Auk þeirra sat fundinn Erna Lea Bergsteinsdóttir, verkefnastjóri farsældarráðs og ritaði hún einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Farsældarráðs Vestfjarða

- 1. Hlutverk og markmið stjórnar.**
- 2. Staða farsældarráðs í dag.**
- 3. Sýn fulltrúa stjórnar á farsæld á Vestfjörðum.**
- 4. Fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða.**
- 5. Önnur mál**

1. Hlutverk og markmið stjórnar.

Farið var yfir hlutverk farsældarráðs skv. 5. gr. farsældarlaga og yfir hlutverk og markmið stjórnar skv. starfsreglum ráðsins.

2. Staða farsældarráðs í dag.

Erna fór yfir stöðu farsældarráðsins. Nær öll sveitarfélög og þjónustuveitendur sem eiga sæti í farsældarráði hafa tilnefnt sinn fulltrúa. Þó vantar fulltrúa frá Súðarvíkurhrepp í farsældarráð, einn stjórnarfulltrúa til þess að fylla þau fimm sæti sem starfsreglur kveða á um, varafulltrúa í stjórn af N-Vestfjörðum og fulltrúa frá ungmennastarfi björgunarsveitanna. Samþykkt var að stjórn myndi leggja til breytingar á starfsreglum á næsta fundi farsældarráðs þar sem stjórn ráðsins skipar fjórum fulltrúum sveitarfélaga í stað fimm en að formaður stjórnar hljóti þá aukið atkvæðavægi í stjórn. Ákveðið var að fela Ernu að aðstoða sveitarfélögin við að ljúka tilnefningum þeirra fulltrúa í ráðið og hafa samband við björgunarsveitina hvort tilnefning fulltrúa liggi fyrir hjá þeim.

Erna útskýrði að fyrsta verkefni farsældarráðs sé að útbúa svæðisbundna forgangsröðun aðgerða. Samkvæmt farsældarlögunum eiga aðgerðirnar að byggja á stefnu ríkisins um farsæld barna og framkvæmdaráætlun ríkisins út frá þeirri stefnu. Töf hefur orðið á stefnunni en hún hefur þegar farið í samráðsgátt. Erna upplýsti að

stefnan og framkvæmdaráætlun ríkisins um farsæld barna sé á þingmálaskrá 157. löggjafarþings þann 31. mars.

3. Sýn fulltrúa stjórnar á farsæld á Vestfjörðum.

Farið yfir sýn hvers og eins fulltrúa um farsæld barna á Vestfjörðum.

4. Fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða.

Erna lagði til að fyrsti fundur farsældarráðs Vestfjarða yrði haldinn á Bíldudal í kringum 16.-27. mars, það var samþykkt. Stjórn fól Ernu að ákveða dagsetningu, staðsetningu, að boða fundinn og setja upp dagskrá hans.

Ákveðið var að bjóða sveitarfélögunum að kynna stöðu og næstu skref innleiðingar farsældarlaganna í sínu sveitarfélagi á fundinum. Einnig var rætt um kynningu á niðurstöðum helstu rannsókna fyrir fundinum. Stjórn var sammála um mikilvægi þess að bjóða upp á samtali á fundinum og að fulltrúar ráðsins fengu tækifæri til að tjá sig.

5. Önnur mál

Erna verður erlendis þegar næsti fundur er boðaður þann 24. febrúar, lagt var til að færa fundinn um eina viku, það var samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.